A-PDF Page Cut DEMO: Purchase from www.A-PDF.com to remove the watermark




# - LÖGREGLU - MAÐURINN

2. tbl. - 2010

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
2. tölublað - 26. árgangur 2010 - 69. blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófördk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2: Logi Jes Kristjánsson

**Leiðrétting**
Þau leiðu mistök urðu við vinnslu síðasta tbl. Lögreglumannsins að nafn þess lögreglumanns, sem sagður var hafa tekið myndina er birtist á forsíðu blaðsins var ekki rétt. Hið rétta er að myndin, sem birtist á forsíðunni var tekin af Arnþóri Davíðssyni lögreglumanni hjá Ríkislögreglustjóranum. Þetta leiðréttist hér með.

Lögreglumaðurinn er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is










## Efnisyfirlit...

| | |
|---|---|
| Lögreglan, fjölmiðlar og fólkið í landinu | 4 |
| Tjáningarfrelsi | 8 |
| Við stöndum frammi fyrir vanda | 11 |
| Við erum búin að gefast upp | 12 |
| Við tjáum okkur ekki nægilega mikið | 14 |
| Lýðræðið þarfnast skoðana starfsmanna | 17 |
| Sumarferð | 18 |
| Skipulagsbreytingar í lögreglu | 25 |
| Íþróttir | 28 |

# Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungis veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# *Formannshornið*

# Aukið gagnsæi!



*Stjórnvöld þessa lands hafa boðað aukið gagnsæi í stjórnarathöfnum hverskonar og samskiptum sínum við hina ýmsu hagsmunaaðila. Gagnsæa og opna stjórnsýslu! Verðugt og göfugt markmið! Markmið sem hver og einn ætti að geta verið sammála um að ætti að vera leiðarljós í opinberri stjórnsýslu.*

*Það kom því Landssambandi lögreglumanna (LL) töluvert á óvart, eftir að hafa fengið dómsmálaráðherra á sinn fund þann 15. september s.l., þar sem m.a. kom fram gagnrýni um skort á samráði t.d. er lýtur að vinnslu skýrslu um niðurlagningu Varnarmálastofnunar o.fl., að heyra það frá félagsmönnum sínum á Ólafsfirði að ákveðið hefði verið að leggja niður varðstofu lögreglu á staðnum og að lögreglumönnum sem þar voru að störfum væri gert að mæta til vinnu sinnar á Siglufirði.*

*Þegar málið var kannað nánar kom í ljós að þann 21. september s.l., sex dögum eftir að núverandi dómsmálaráðherra, Ögmundur Jónasson, hafði setið fund með stjórn LL, hafði sá hinn sami undirritað reglugerð um breytingu á reglugerð um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra nr. 66/2007, sem fól það í sér að varðstofa lögreglu á Ólafsfirði var lögð niður, algerlega án samráðs við hagsmunasamtök lögreglumanna og þvert gegn yfirlýstum markmiðum sem lögð voru með þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru með samþykkt breytinga á lögreglulögum árið 2006 þar sem kveðið er á um það að ekki skyldi leggja niður neinar varðstofur lögreglu á landinu! Það verður að segjast alveg eins og er að vinnubrögð sem þessi eru ekki til þess fallin að auka trúverðugleika stjórnvalda og því síður samstarfsvilja stéttarfélags lögreglumanna við stjórnvöld þessa lands. Það er enda ljóst að með svona vinnubrögðum eru stjórnvöld að lýsa því yfir, þvert gegn fyrri yfirlýsingum um aukið gagnsæi, að ekki standi til að hafa hagsmunasamtök með í ráðum er ákvarðanir eru teknar um atriði er varða kjör og starfsréttindi opinberra starfsmanna!*

*Vera má að hér sé verið að leggja grunn að því samstarfi sem núverandi dómsmálaráðherra, Ögmundur Jónasson, vill viðhafa við LL. Það er miður ef svo er en LL er hinsvegar tilbúið að stíga þann dans til enda! LL vill hinsvegar halda í þá von og trú, í lengstu lög, að þau vinnubrögð sem reifuð eru hér að ofan, séu dæmi um það að framkvæmdavaldið sé í raun enn að stjórna löggjafarvaldinu og að dómsmálaráðherra hafi verið alls ókunnugt um það að ekkert samráð hafi verið viðhaft við LL þegar kom að þeim breytingum sem gerðar voru á áðurnefndri reglugerð!*

*Hvað sem öllu öðru líður er algerlega ljóst að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru í þessu máli eru með öllu óásættanleg og LL vonar og trúir því að Ögmundur Jónasson sé því sammála! Að sama skapi treystir LL því að haft verði samráð í hvívetna við LL þegar kemur að breytingum á lögum og reglugerðum er snerta starfsumhverfi og hagi lögreglumanna. Að öðrum kosti er ljóst að LL getur ekki treyst á það sem haft hefur verið í frammi, af hálfu stjórnvalda, er varðar opna og gagnsæa stjórnsýslu – það yrði svo sem ekki í fyrsta skipti!!*

***Snorri Magnússon***
***formaður LL.***

# *Lögreglan, fjölmiðlar og fólkið í landinu*

*- Þessi pistill er ritaður í byrjun febrúar 2008 -*



***Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umfjöllun fjölmiðla um störf lögreglu undanfarna mánuði og vikur. Oftast hefur umfjöllunin átt sér stað í kjölfar atvika þar sem myndbönd, myndbrot eða frásagnir af samskiptum lögreglu og borgara hafa birst af vettvangi þar sem lögregla hefur þurft að beita valdi.***




Því er ekki að neita að umfjöllun um lögregluna er vinsælt efni. Algengt er að mest lesnu fréttirnar á vefmiðlunum varði lögreglumálefni. Spjallþræðirnir loga af skoðunum manna á lögreglunni og starfsemi hennar. Þá er vinsælt að birta útdrætti úr helgardagbók lögreglunnar og fréttamenn halda góðu sambandi við vaktirnar hjá lögreglunni í því skyni að afla frétta.

Þetta finnst mér skemmtileg þróun. Ég er á því að fólk eigi að hafa skoðun á lögreglunni og störfum hennar, og helst að viðra þær skoðanir sem víðast. Sem einstaklingur og lögreglumaður er ég alltaf reiðubúinn að eiga í skoðanaskiptum við annað fólk um lögregluna, gagnsemi hennar, kosti og galla, hvort heldur við samstarfsfélagana eða aðra. Lögreglan er nefnilega hvorki fullkomin né yfir gagnrýni hafin frekar en nokkuð annað í þessum heimi.

Ég hef alltaf haft áhuga á starfi fjölmiðla og stutt baráttu blaðamanna til verndar tjáningarfrelsinu, sem ég tel vera í hópi mikilvægustu réttinda einstaklinga. Ég treysti því, að líkt og vinnufélagar mínir sem vinna að rannsóknum sakamála, séu upplýsingarnar sem fjölmiðlar bera á borð fyrir mig afrakstur góðrar rannsóknarvinnu, með það sem yfirlýst markmið að birta það sem rétt er og satt. Að þeir veiti samfélaginu aðhald og veigri sér ekki við að fjalla um viðkvæm málefni líðandi stundar og geri það af hlutleysi og fagmennsku. Sannarlega hef ég oft verið vitni að þess konar umfjöllun og ég hef til þessa borið traust til íslenskra fjölmiðla. Það traust hefur nú beðið hnekki.

Eftir að ég hóf störf hjá lögreglunni hef ég ítrekað verið staddur á vettvangi og viðriðinn mál sem fjölmiðlar hafa haft til umfjöllunar. Þar sem mér er m.a. ætlað það starf á vettvangi að afla allra nauðsynlegra gagna sem varpað geta ljósi á málsatvik tel ég mig að jafnaði hafa ítarlegri upplýsingar um hvað hefur átt sér stað heldur en fjölmiðlar, eðli málsins samkvæmt. Lögreglan lætur síðan uppi eins mikið og mögulegt er við fjölmiðla um framgang mála, að því gefnu að það spilli ekki rannsóknarhagsmunum. Fjölmiðlar reyna auðvitað að komast eins langt í sinni gagnaöflun og unnt er, sem er bæði sjálfsagt og eðlilegt.

Það sem er hins vegar hvorki sjálfsagt né eðlilegt, er að örfáir fjölmiðlar og fjölmiðlamenn hafa tamið sér þann ósið að birta órökstuddar dylgjur og tilbúning um lögregluna og störf hennar. Þeir hafa ekki fyrir því að leita staðreynda, virðast enga þekkingu hafa á þeim leikreglum sem lögreglan starfar eftir, né út á hvað starfið gengur, heldur virðast einfaldlega birta það sem að þeim er rétt. Því spyr ég: Er forsvaranlegt að reka fjölmiðil í “let them deny it”-anda Richards Nixon?

Nýleg dæmi sýna að lögreglumenn við fullkomlega lögmæt og eðlileg skyldustörf mega búast við því að mynd af þeim birtist í dagblaði ásamt fullu nafni þar sem þeir eru bornir þungum sökum um brot í starfi áður en málið hefur svo mikið sem hlotið skoðun, eðlilega málsmeðferð eða farið fyrir dóm.

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
Alhliða pípulagnir
Bæjarflöt 6
Allt fínt ehf.
Hrísateigi 45
Alþjóðlegar bifreiðatryggingar á Íslandi
Borgartúni 35
Arctic rafting ehf.
Laugavegi 11
Arctic trucks ehf
Klettshálsi 3
Arkís ehf.
Aðalstræti 6
Asía ehf.
Laugavegi 10
ATOZ Alhliða Viðskiptaráðgjöf sf.
Borgarbúni 3
Auglýsingastofan ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Álfabjarg ehf.
Holtsgötu 17
Ásbjörn Ólafsson ehf.
Köllunarklettsvegi 6
B.B. Bílasalan ehf.
Smiðshöfða 17
B.J. Málflutningsskrifstofa ehf.
Skipholti 50d
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakkus ehf.
Héðinsgötu 1
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastillingar Nicolai
Faxafeni 12
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Mörkinni 6
Birtingahúsið ehf. v/Allians
Laugavegi 174
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílalíf, bílasala
Kletthálsi 2
Bílamálun ehf
Hamarshöfða 10
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Hyrjarhöfða 4
Bílasala Guðfinns
Stórhöfða 15
Bílasalan Höfðahöllin
Kletthálsi 2
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bjargtak ehf
Hjallavegi 50
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Björnsbakarí ehf.
Klapparstíg 3 v/Skúlagötu

Blaðamannafélag Íslands
Síðumúla 23
Blómabúðin Hlíðablóm - Háleitisbraut 68
Háaleitisbraut 68
Blómastofa Friðfinnss
Suðurlandsbraut 10
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbílastöðin ehf.
Skúlatúni 2
Bókaútgáfan Salka ehf.
Skipholt 50c
Bókhaldsþjónusta Arnar Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf.
Ármúla 29
Bólstrarinn
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf
Bergstaðarstræti 2
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Brynja ehf. verslun
Laugavegi 29
BSRB
Grettisgötu 89
BT tölvur - Betri tímar
Síðumúla 9
Búseti
Skeifan 19
Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartúni 31
Coma ehf.
Kirkjustétt 15
Danica sjávarafurðir ehf.
Suðurgötu 10
Dentalstál ehf.
Hverfisgötu 105
Dómsmála og mannréttinda ráðuneyti
Skuggasundi
Dreifing ehf.
Vatnagörðum 8
Dúkarinn Óli Már
Langholtsvegi 143
Dvalar og hjúkrunarheimilið Grund
Hringbraut 50
Dýraspítalinn í Víðidal ehf
Víðidal
Dýrheimar sf. Royal Canin
Bæjarflöt 5
E. Ólafsson ehf.
PO. Box 216
E.F. Ben ehf.
Dugguvogi 17-19
E.T. Einar og Tryggvi ehf.
Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Úðafoss sf.
Vitastíg 13
EG Skrifstofuhúsgögn ehf.
Ármúla 22
Egill Árnason ehf
Ármúla 8-10
Ellen Ingvadóttir lögg. dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28

Endurskoðun og reikningsskil hf.
Stangarhyl 5
Erluís
Fákafeni 9
Ernst & Young
Borgartúni 30
Extón ehf.
Fiskislóð 10
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Grensásvegi 13
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Óðinsgötu 4
Fasteignamiðlunin ehf.
Suðurlandsbraut 50
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Ferð og saga
Grandavegi 36
Ferðamálastofa Íslands
Lækjargötu 3
Ferskar kjötvörur hf.
Síðumúla 34
Félag hrossabænda
Bændahöllinni Hagatorgi
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Rauðagerði 27
Félag Skipstjórnarmanna
Grensásvegi 13
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Fjallamenn ehf.
Skútuvogi 12e
Fjárhagsþjónustan ehf.
Strýtuseli 14
Flugþjónustan ehf.
Reykjavíkurflugvelli
Fraktflutningar ehf.
Seljugerði 1
Frumherji hf.
Hesthálsi 6-8
Fröken Júlía ehf
Álfabakka 14a
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Gallabuxnabúðin - Kringlunni
Kringlunni 8-12 p.h.5185
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Gáski ehf. - Sjúkraþjálfun
Bolholti 8
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Laugavegi 62
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Glermenn ehf.
Heiðarási 22
Glófaxi ehf. blikksmiðja
Ármúla 42
GM Verk ehf.
Stórhöfða 35
Gnýr sf.
Stallaseli 3

Golfklúbbur Reykjavíkur
Thorsvegi 1
Grandakaffi ehf.
Grandagarði 101
Grant Thornton endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Greining og ráðgjöf ehf.
Skólavörðustíg 18
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Grillhúsið Tryggvagötu
Tryggvagötu 20 Bryggjuhús
Gró ehf.
Skútuvogi 10b
Guðmundur Jónasson ehf.
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan Erna hf.
Skipholti 3
Gunnar Eggertsson hf.
Sundagörðum 6
Gúmmívinnustofan SP
Skipholti 35
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
H.B. Grandi hf.
Norðurgarði 1
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hafnarsmiðjan ehf
Grandagarði 18
Hagkaup ehf.
Skeifunni 15
Hallargarðurinn ehf
Austurstræti 9
Hamborgarabúlla Tómasar ehf
Bíldshöfða 18
Hamborgarabúllan
Box 131
Happdrætti Háskóla Íslands
Tjarnargötu 4
Harðfisksalan ehf.
Hólmaslóð 6
Háfell ehf.
Skeifunni 11
Hárgreiðslustofa Heiðu
Álfheimum 11a
Hársnyrtistofa Dóra
Langholtsvegi 128
Hátækni ehf.
Vatnagarðar 20
Heilsubrunnurinn ehf.
Kirkjuteigi 21
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
Héraðsdómur Reykjavíkur
Dómshúsinu v/ Lækjartorg
HGK ehf.
Laugavegi 13
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
Hitastýring hf.
Ármúla 16
Híbýli og skip ehf.
Hverfisgötu 105
Hjá Dóra ehf. - Matsala í Mjóddinni
Þönglabakka 1

Hjá Jóa Fel.
Holtagörðum
Hjólbarðaverkstæði Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns ehf.
Hátúni 2a
Hlað sf.
Bíldshöfða 12
Hljóðfærahúsið ehf
Síðumúla 20
HM Bókhald ehf
Kringlunni 7
Hókus Pókus
Laugavegi 69
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé
Þórsgötu 1
Hreinsibílar ehf.
Hesthálsi 6-8
Hreysti ehf.
Skeifunni 19
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
HULA Lögmenn ehf.
Suðurlandsbraut 6
Hundahótelið að Leirum
Leirum
Húsafriðunarnefn ríkisins
Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Húsun ehf.
Hamarshöfða 6
Hvalaskoðun Reykjavíkur ehf./Elding
Ægisgarði 7
Hveraskálinn ehf
Veghúsum 31, íb306
IB/Nýja Bílahöllin ehf
Eirhöfða 11
Icefin ehf.
Nótatúni 17
Iceland Travel ehf.
Skútuvogi 13a
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Íhlutir ehf.
Skipholti 7
ÍSAGA ehf.
Eirhöfða 11
Íslenska gámafélagið
Gufunesi
Íslenskir fjárfestar ehf
Skipholti 50c,Box 5070
Ísmar hf. - www.ismar.is
Síðumúla 28
Ísold ehf, hillukerfi - www.isold.is
Nethyl 3
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
JBS ehf. - Nonnabiti
Vættaborgum 24
Jens Guðjónsson hf.
Síðumúla 35
Jóhanna Þórðardóttir
Laugavegi 72
Jóhannes Long ljósmyndari
Ásholti 2



Þær spurningar hljóta að vakna hvers vegna sótt sé að lögreglu með tilbúningi og dylgjum, hverra erinda þeir ganga sem það gera og hvaða tilgangi það þjóni að reyna með markvissum hætti að grafa undan trúverðugleika lögreglunnar og gera störf hennar tortryggileg?

***Segja eða þegja?***

Nú er vert að staldra lítillega við. Ég minntist áðan á mikilvægi tjáningarfrelsis. Það þarf ekki að vera ólögmætt að dylgja um störf og starfsmenn lögreglu með þeim hætti sem gert hefur verið, enda þótt það sé í mínum huga í besta falli siðlaust og í einhverjum tilvikum uppfylli lagaleg skilyrði ærumeiðinga. Víst eru tvær hliðar á hverjum peningi.

Lögregla hefur nefnilega valið sér, sjálfsagt á grundvelli þagnarskylduákvæðis lögreglulaga, að svara ekki til um einstök mál. Ég verð að viðurkenna að mig svíður ómakleg gagnrýni og ég tel að lögreglan geti gengið mun lengra í að svara fyrir sig í einstökum málum heldur en hún gerir nú, án þess að brjóta ákvæði um þagnarskyldu.

Í 1. mgr. 22. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 segir: .„Lögreglumönnum og öðru starfsliði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna.“ Vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna?

Ef menn opna sjálfir sín mál í fjölmiðlum og vaða á súðum með rakalausum dylgjum í garð lögreglunnar, sem til þess eru fallnar að rýra traust hennar í augum almennings, hvar liggja þá almannahagsmunir?

Lögreglan og allt hennar starfsfólk þarf að átta sig á að við erum í stanslausu ímyndarstríði...og við erum að tapa því! Við erum að tapa því sökum þess að við berum ekki hönd fyrir höfuð okkur. Í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á því að hluti af lausninni sé fólginn í því að lögreglan ráði sér talsmann, fjölmiðlafulltrúa, upplýsingafulltrúa eða hvað menn vilja kalla starfið. Sá getur haft umsjón með samskiptum við fjölmiðla, komið fram sjálfur eða ráðlagt lögreglumönnum sem takast þetta hlutverk á hendur hvernig best sé að koma frá sér upplýsingum. Það er bara ekki öllum gefið að koma fram í fjölmiðlum.

Lögreglan á að taka fagnandi þeim tækifærum sem henni gefast til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og gera það af sömu fagmennsku og við starfsmennirnir stundum starfið okkar. Við eigum líka að hafa sjálfstraust til að bera til þess að svara fyrir okkur þegar að okkur er vegið með ómaklegum hætti, alveg jafnt og við eignum okkur mistökin þegar þau eiga sér stað.

Frá því ég byrjaði í lögreglunni man ég ekki eftir einu atviki sem varðaði brot í opinberu starfi eða agavandamáli, sem ekki var tekið á samstundis með viðeigandi hætti. Við höfum ekkert að fela, hvað óttast menn við opinbera umræðu?

***Tökum slaginn lögreglunni til heilla!***
***Með vinsemd og virðingu,***

***Gestur K. Pálmason***
***lögreglumaður***

*Við eigum líka að hafa sjálfstraust til að bera til þess að svara fyrir okkur þegar að okkur er vegið með ómaklegum hætti, alveg jafnt og við eignum okkur mistökin þegar þau eiga sér stað.*





Svarar bankinn þinn tölvupósti **samdægurs?**

Tími viðskiptavina okkar er dýrmætur. Samkvæmt mælingum í ágúst svaraði þjónustuver MP banka 98% tölvupósta sem bárust fyrir kl. 16 samdægurs.

**Sendu okkur línu á thjonusta@mp.is og skiptu yfir í betri bankaþjónustu.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

– eins og banki á að vera

Eftirfarandi er grein úr fagblaði lögreglumanna í Danmörku „DANSK POLITI“

Þýðandi: Steinar Adolfsson

# Tjáningarfrelsi

## Hugsið ykkur ef lögreglumenn þyrðu að tjá sig!

Svekkjandi. Ef marka má niðurstöður könnunar meðal danskra lögreglumanna virðist sem tjáningarfrelsi þeirra sé mjög þröngur stakkur sniðinn.
Meirihluti aðspurðra telur a.m.k. að tjáningarfrelsið sé takmarkað, þeir telji að það geti skemmt fyrir framgangi í starfi ef þeir setja fram gagnrýni og þekkja til sagna um að lögreglumenn hafi lent í slíku.
Tjáningarfrelsið fær með öðrum orðum falleinkunn.

„Já ég hef það í huga
að það getur skemmt
starfsframa minn að
gagnrýna yfirstjórnina.
Ég á þó erfitt með að þegja.
Hvað sem það kostar.“

Varðstjóri

Mér finnst yfirstjórnin ekki
vera móttækileg fyrir gagnrýni.
Ég hef oft í mínum störfum á
fjarskiptum sett fram gagnrýni
á okkar störf og sjaldnast fengið
svör...“

Varðstjóri

„Ég þekki nokkra sem ekki hafa haft eðlilegan starfsframa vegna gagnrýninna skoðana sinna. En það er erfitt að sýna fram á slíkt.“

Varðstjóri

„Það getur örugglega haft skaðleg áhrif á starfsferilinn að vera stimplaður sem gagnrýninn af yfirstjórn. Ég þekki mörg slík dæmi. Fyrir sameiningu voru hins vegar engin dæmi um slíkt.“

Lögreglufulltrúi/aðalvarðstjóri

**Höfundur: Nicolai Scharling**

Óteljandi sögur ganga um starfsmenn sem hefðu betur látið vera að tjá sig með gagnrýnum hætti í stað þess að setja frekari framgang sinn í starfi í hættu. Sögur um starfslegar afleiðingar fyrir starfsmenn af hendi yfirmanna sem ekki hafa liðið að vera troðið um tær með gagnrýni. Hvort það er satt eða logið skal ósagt látið en eins og sagt er: Þar sem er reykur – þar er eldur. En til að allrar sanngirni sé gætt er oft gripið til þessara skýringa þegar aðrir þættir í raun ráða niðurstöðunni. Oft hefur verið nefnd í eyru blaðamannsins sagan um stjórnanda Kristjaníu-aðgerðarinnar sem hafði bent á að til að geta klárað verkefnið þyrfti hann annað hvort meiri viðbúnað eða skýr fyrirmæli að ofan um hvaða verkefnum hann ætti þá ekki að sinna á meðan. Að öðrum kosti gæti þetta ekki gengið. Stuttu síðar var hann færður til í starfi sem stjórnandi stöðvarinnar og til flugvallarins. Þess skal sérstaklega getið að þessi ráðstöfun tengist ekki núverandi lögreglustjóra. Hvort fótur sé fyrir þessu skal ósagt látið en hennar er getið hér vegna þráláts orðróms. Alveg eins og sagan um að millistjórnendum í Suður-Jótlandi og Lolland-Faster hafi verið hótað að verða settir á vaktir á Nakskov á eyjunni Lolland ef þeir létu eftir sér að gagnrýna yfirstjórnina. Þetta er að vísu enginn smáflutningur – en raunverulega mögulegur fyrir millistjórnendur út frá gildandi reglum eftir sameininguna. Aftur skal það ósagt látið hvort þessi saga er sönn en líkt og með stjórnanda Kristjaníu-aðgerðinnar er hún lífseig.

## Þagnarkodex

Vandamálið með svona sögur, hvort sem þær eru sannar eða lognar, er að þær virka sem nokkurs konar hindrun – sem víti til varnaðar og hafa drepandi áhrif. Flestir lögreglumenn fara í námið með það í huga að ætla sér ævilangan starfsferil í lögreglu. Hver vill skemma fyrir sér þann möguleika? Með öðrum orðum – hvort það sé fótur fyrir því að þetta sé staðreyndin.

Þess vegna vildi blaðið spyrja hvort starfsmenn hefðu trú á eigin tjáningarfrelsi, ekki minnst með tilliti til mögulegra afleiðinga. Við vildum taka púlsinn á því hvaða upplifun starfsmenn hafi á umburðarlyndi gagnvart tjáningu sem felur í sér gagnrýni. Ekki síst með í huga nýlega könnun FTF um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna.

Við vorum vel meðvituð um að við gætum ekki, án mikils undirbúnings og tilkostnaðar, framkvæmt alvöru rannsókn á málefninu. Markmiðið var miklu frekar að taka „hitastigið“ á þessu og fá tilfinningu fyrir stöðunni. Kannski jafnmikið að reyna að komast að því hvort innan lögreglunnar gilti nokkurs konar þagnarkodex líkt og hjá mafíunni í Napoli!

Við völdum að hafa nafnleynd í könnuninni. Vildum hafa hana sem útbreiddasta, dreifa út sjálfir könnuninni og tryggja jafna og sjálfstæða dreifingu. Það eina sem átti að gefa upp var starfsstig viðkomandi. Með spurningablöðunum var einnig umslag með greiddu póstburðargjaldi og fylgibréf með skýringum þannig að svarendur gætu tekið það með sér heim og svarað í ró og næði án þess að einhver væri kíkjandi yfir öxlina á meðan. Spurningarnar ásamt yfirliti yfir svörin eru birtar á öðrum stað í blaðinu.

## Slæm einkunn

Við yfirlestur á svörunum má sjá að það er tæpast neinn vafi á ferðinni um að lögreglan stendur frammi fyrir vanda – að minnsta kosti er „munnmælasagan“ um takmörkun á tjáningarfrelsinu ansi útbreidd. Meirihluti svarenda gefa tjáningarfrelsinu lága einkunn. Mjög margir játa að gagnrýni getur haft áhrif á framgang í starfi og því betra að láta slíkt vera.

Sögusagnirnar lifa mjög góðu lífi. Stór hluti játar að þeir þekki til sagna um að gagnrýni hafi áhrif á framgang í starfi.

Í eftirfarandi greinum má, eins og áður var nefnt, sjá yfirlit yfir svörin. Jafnframt eru beinar tilvitnanir í svör sem innihalda bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir.

Með öllum fyrirvörum er ritstjórninni fullljóst að þetta er á engan hátt vísindaleg könnun heldur fyrst og fremst verið að fá fram mynd af stöðunni sem innlegg í umræðuna og halda á lofti einum af hornsteinum dansk samfélags, réttinum til að tjá skoðun sína. ■




© Pressphotos.biz

## Helmingur opinberra starfsmanna þorir ekki að opna munninn:

**Það sýnir rannsókn sem framkvæmd var meðal 2.500 opinberra starfsmanna sem eru félagsmenn FTF en þar eru m.a. lögreglumenn, hjúkrunarfræðingar, kennarar, félagsráðgjafar og starfsmenn hersins.**

**Rannsóknin sýnir m.a.:**

- Að 51 % þátttakenda telur það hafa neikvæðar afleiðingar í för með sér ef þeir tjá sig opinberlega. Ef maður skoðar eingöngu þá sem eru ráðnir í hernum er það 61 % sem óttast afleiðingarnar.
- Meðal þeirra sem telja að afleiðingarnar verði neikvæðar telja 62 % að þau verði álitin ótrú sínum atvinnurekanda. Meira en helmingur – 57 % – reiknar með að verða tekinn á teppið ef þeir tjá sig opinberlega. 45 % telja að það staða þeirra á vinnustaðnum verði verri fyrir vikið og telur að þeir geti misst vinnuna.
- Næstum helmingur opinberra starfsmanna í FTF – 48 %– hafa lent í aðstæðum eða upplifað aðstæður á núverandi eða fyrrverandi vinnustað sem eru af því tagi að það ætti erindi í opinbera umræðu.
- Meðal þeirra persóna sem hafa lent í slíkum aðstæðum á vinnustað hafa einungis 10% tilvika ratað í opinbera umræðu. Tæpur þriðjungur þeirra mála leiddi til neikvæðra starfstengdra afleiðinga fyrir viðkomandi.
- Rannsóknin sýnir enn fremur að það eru margvíslegar ástæður fyrir að svo margir félagsmenn kjósa að tjá sig ekki opinberlega, allt frá því að óttast afleiðingar fyrir ráðningarsamband sitt eða vinnuskilyrði – til banns um að tjá sig – til þess að áhugi eða þor til að tjá sig var einfaldlega ekki til staðar.

# Við stöndum frammi

# fyrir vanda

„Já, ég er vel meðvitaður um að með því að setja fram gagnrýni getur það spillt starfsframanum, en mér stendur orðið á sama. Þetta siglir bara sinn sjó og ég nenni ekki orðið að setja fram gagnrýnina því það breytir hvort sem er engu. Nú læt ég mig bara berast með straumnum.“

Lögreglufulltrúi/aðalvarðstjóri

**Tjáningarfrelsi á vinnustað er hornsteinn í lögreglustarfinu. Það er því mikið áhyggjuefni ef starfsmenn veigra sér við að koma fram með gagnrýni. Sérstaklega er það mikið áhyggjuefni gagnvart millistjórnendum sem eru undir miklum þrýstingi.**

**Höfundur: Nicolai Scharling**

Formaður lögreglusambandsins, Peter Ibsen, þekkir vel til sögusagna um starfsmenn sem hafa liðið fyrir að hafa tjáð sig. Hann hefur þó ekkert raunverulegt dæmi enda sannleikurinn oft í raun ótrúlegri en argasta lygasaga!

„Aftur á móti hef ég miklar áhyggjur ef lögreglan í dag og eftir sameiningu embættanna er gegnsýrð af ótta við að tjá sig með gagnrýnum hætti eða setja fram hversdagslega reynslu frá starfinu. Ef þetta er staðreynd stendur lögreglan frammi fyrir miklum vanda, tjáningarfrelsið og þátttaka starfsmanna í umræðunni eru hornsteinar í vel starfshæfri lögreglu. Já, í samfélaginu öllu,“ segir Peter Ibsen.

Hann er því mjög hugsi yfir svörunum sem birtast í könnun fagblaðsins. „Við skulum ekki láta tjáningarfrelsið vera fyrir útvalda sem hafa engu að tapa heldur nota þessar niðurstöður til jákvæðra hluta og öllu skiptir að lögreglumönnum finnist að á þá sé hlustað og tekið mark á af yfirstjórn. Að öðrum kosti lendum við í sama ástandi og við sameininguna árið 2008 þegar öll samskiptin áttu sér stað í gegnum fjölmiðla,“ segir Peter Ibsen.

## Áhyggjur vegna millistjórnenda

Það er sérstaklega einn hópur sem formaðurinn hefur miklar áhyggjur af.

„Það er stór hópur millistjórnenda og stjórnenda sem eru undir gífulegri pressu. Þetta eru duglegir og mikilvægir starfsmenn sem við munum hjálpa og standa vörð um hag þeirra. Ef þeir hafa þá tilfinningu að það sé hlutverk þeirra að koma í veg fyrir gagnrýni stöndum við og þeir frammi fyrir stórum vanda. Þetta eru ekki boðlegar aðstæður. Með sama hætti er það ómöguleg staða ef starfsmenn halda að þeir geti ekki tjáð sig með gagnrýnum hætti við sinn næsta yfirmann.“ Hann hvetur ríkislögreglustjórann til að taka upp umræðuna um tjáningarfrelsi. „Ég legg áherslu á að við höfum tjáningarfrelsi. Við getum ekki starfað án gagnrýnisraddanna. Ég er sannfærður um að ríkislögreglustjórinn er mér sammála um það. Ef við eigum að kveða niður þjóðsögurnar þá þurfum við að útiloka efann. Í þeim skilningi leikur engin vafi á að lögreglusambandið er umboðsmaður tjáningarfrelsisins fyrir hönd félagsmanna okkar. Við stöndum vörð um réttinn til að tjá sig.“ ■

Mér finnst að í dönsku lögreglunni sé tjáningarfrelsið töluvert. Maður þarf samt að gera sér grein fyrir að gagnrýni sem beinist gegn yfirstjórn getur haft skaðleg áhrif á starfsframa, möguleikann til hærri launa o.s.frv.

Varðstjóri

# Tjáningarfrelsi
## Við erum búin að gefast upp!

Í júní voru lögreglumenn í almennu deildunum i Mið- og Vestur-Sjálandi búnir að fá nóg. Þeir skrifuðu bréf til lögreglustjórans og réðu frá frekari niðurskurði í fyrirliggjandi vaktaplani, sem þegar hékk illa saman. Engin viðbröð urðu við erindinu fyrr en fjölmiðlar komust í málið.

**Höfundur: Nicolai Scharling**

Við vorum svekkt, gríðarlega svekkt.

Svona hljóma skýringar frá einum lögreglumanninum sem stóð fyrir bréfaskrifunum til lögreglustjórans Anders Linnet og yfirstjórnar lögreglunnar í Mið- og Vestur-Sjálandi. Ástæðan var að hópurinn stóð frammi fyrir því að það ætti að skera niður um 12 stöðugildi lögreglumanna eða fimm prósent viðbótarniðurskurði. Þess vegna ákváðu lögreglumenn í þessum tveimur umdæmum að láta í sér heyra.

Í bréfinu stóð m.a.:

„Nú þegar upplifum við það daglega að það er vöntun á ökutækjum og mannskap til að leysa fyrirliggjandi verkefni.“

Þessi lýsing fylgdi einnig með í bréfinu: „Slæleg þjónusta við borgarana, niðurskurður, brotthvarf starfsmanna, skammtímareddingar, álag á starfsmenn og óheimil not á starfskröfum lögreglunema til að fylla upp í götin.“

### Engin áheyrn

-Við upplifum ástandið sem faglega algerlega óviðunandi. Líka út frá öryggis-sjónarmiðum. Þessi mynd okkar passaði engan vegin við þá glansmynd sem dregin var upp af yfirstjórninni um ástandið gagnvart almenningi.

Hann vill nú, líkt og í bréfinu, vera ónafngreindur, þar sem hér var það hópurinn sem slíkur sem stóð fyrir þessum skoðunum, ekki tilteknir einstaklingur. Hann heldur áfram:

-Við upplifum samtímis að fagfélag okkar á einnig erfitt með að ná eyrum yfirstjórnar. Fagfélagið berst sköruglega og við vildum styðja það í verki og nota tjáningarfrelsi okkar til að benda á vandamálin sem við stöndum frammi fyrir. Okkur finnst tímabært að rödd starfsmanna heyrist og að á hana sé hlustað. Áhrifin voru engin. Það var fyrst þegar bréfið komst í fjölmiðla að einhver viðbrögð urðu í málinu. Ekki leiddi það þó til neins. Niðurskurðurinn átti sér stað – og varnaðarorðin töluð fyrir daufum eyrum.

-Svona upplifðum við þetta. Við reyndum að fara fram eftir venjubundnum samskiptaleiðum innan lögreglunnar en það virkaði ekki. Það er í raun það sem allir vilja. Að unnt sé að fara hefðbundnar leiðir með sínar áhyggjur í stað þess að fara með málin í fjölmiðla. Það gerðum við en án árangurs. Lekinn til fjölmiðla kom ekki einu sinni frá okkur, að því er ég best veit.

### Stjórnendur í vanda

Vandamál hans eftir að hafa tjáð sig er það sama og margir aðrir hafa upplifað.

-Ég hef gefist upp. Þetta bara siglir sinn sjó og það er ekkert sem ég, með mína þekkingu og reynslu úr starfinu, get gert til að breyta því. Það breytir engu að fara til míns næsta yfirmanns því þeir eiga enn erfiðara um vik eftir sameininguna. Þeir geta ekki notað tjáningarfrelsi sitt nema til að koma á framfæri jákvæðum atriðum. Gagnrýnin deyr því. Ég held að þeir séu hreinlega undir þrýstingi til að vinna þannig. ■

### Þetta segir löggjöfin:

- Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna nýtur verndar skv. 77. gr. stjórnarskárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Verndin gildir aðeins ef starfsmaður tjáir sig í eigin nafni – þ.e. sem einstaklingur.
- Þegar einstaklingur tjáir sig í eigin nafni sem einstaklingur er yfirstjórn ekki heimilt að beita ritskoðun á slík ummæli eða setja reglur um slíkt. Yfirstjórn getur ekki heldur krafist þess að ríkisstarfsmenn beri ummæli í eigin nafni undir yfirmenn áður en þau birtast.
- Um opinbera starfsmenn gilda að öðru leyti þær takmarkanir sem gilda lögum samkvæmt um tjáningarfrelsi einstaklinga. Það er reglur um friðhelgi einkalífs og æru.



© Pressphotos.biz

■ Árið 2006 gerði FTF sambærilega könnun um tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna og skilyrðin hafa ekki batnað frá þeim tíma.

■ Þau eru í grunninn þau sömu í dag þrátt fyrir að komið hafa leiðbeiningar frá þinginu um tjáningarfrelsi og svonefndar leiðbeiningar (kodeks) um háttsemi opinberra starfsmanna sem m.a. nær til tjáningarfrelsis.

„Nei, það er ekki raunverulegt tjáningarfrelsi. Stjórnandastíllinn er gamaldags. Mörgum finnst þeir þurfi að stíga mjög varlega til jarðar og það takmarkar möguleikana á að búa til góðan vinnustað.“

Varðstjóri

# Við tjáum okkur ekki nægilega mikið

> „Ég þekki aðstoðaryfirlögregluþjón sem hefur tjáð sig með gagnrýnum hætti. Hann sótti um starf á neðra starfsstigi til að geta verið um kyrrt á vinnustaðnum en var færður þrátt fyrir það og lækkaður í tign. Hann getur ekki orðið aðstoðaryfirlögregluþjón aftur.“
>
> Lögreglufulltrúi/aðalvarðstjóri

**Einn þeirra sem er óhræddur við að láta í sér heyra er Børge K. Nielsen, formaður í svæðisdeild Norður-Jótlandslögreglunnar til margra ára. Hann hefur bæði kallað yfirstjórn lögreglunnar lygamerði og sakað þá um að vera óhæfa í störfum sínum.**

## Tjáningarfrelsi hjá

| | |
|---|---|
| | |
| 1 | Telur þú að starfsfólk lögreglu ... |
| 2 | Telur þú að það hafi skaðleg áhrif á... |
| 3 | Finnst þér yfirstjórnin vera móttækileg fyrir gagnrýni? |
| 4 | Þekkir þú til – eða hefur heyrt um – tilfelli þar sem... |
| 5 | Veltir þú fyrir þér hvort gagnrýni sem beinist að... |
| 6 | Á skalanum 1-10, þar sem 10 er best: Hvaða einkunn viltu gefa tjáningarfrelsinu hjá lögreglunni? |
| 1 | |
| 2 | |
| 3 | |
| 4 | |
| 5 | |
| 6 | |
| 7 | |
| 8 | |
| 9 | |
| 10 | |
| Aðspurðir samtals | |

**Höfundur: Karina Bjørnholt**

Børge K. Nielsen minnir svolítið á karakterinn Egon Olsen frá „Olsen-genginu“. Báðir slá um sig með skammar- og blótsyrðum þegar þeir verða æstir. Og já, það gerist oft að Børge K. Nielsen verður æstur. Hann hefur margra ára reynslu sem trúnaðarmaður og formaður svæðisdeildar Norður-Jótlandslögreglunnar og er aldeilis ekki hræddur við að nýta sér tjáningarfrelsi sitt.

-Yfirstjórn hefur alls ekkert einkaleyfi á að tjá sig. Við höfum leyfi til að segja okkar skoðun og ef yfirstjórnin telur að við höfum rangt fyrir okkur þá er það þeirra að benda á hvað það nákvæmlega er – segir Børge og heldur áfram – örlítið farinn að æsast upp:

-Það er okkar skylda að upplýsa samfélagið um hvernig ástandið er. Aftur og aftur reynir yfirstjórnin að draga upp mynd af ástandinu sem á sér enga stoð í raunveruleikanum, og það er óþolandi og þá nýti ég mér tjáningarfrelsi mitt.

Honum rennur jafnskjótt æsingurinn og í rauninni er hann blíðlyndur trúnaðarmaður og ávallt stutt í brosið. Því til viðbótar erfir hann ekki neitt þótt hart geti verið tekist á um málefni.

### Heftir framgang í starfi

Á sínum yngri dögum var Børge einnig óhræddur við að láta í sér heyra. Ég er ekki svo áhrifagjarn en geri mér vel grein fyrir að þrýstingurinn frá yfirstjórninni er meiri á þá sem ekki gegna trúnaðarstörfum fyrir félagsmenn. Það er enginn vafi á að það

„Starfsfólk lögreglu hefur mikið rými til að tjá sig um og við yfirstjórn. Ég þekki ekki marga vinnustaði þar sem er svo auðvelt aðgengi að yfirstjórn.“

Aðstoðaryfirlögregluþjónn

## Þetta spurðum við um:

1 Telur þú að starfsfólk lögreglu hafi raunverulegt frelsi til tjáningar gagnvart yfirstjórn?
2 Telur þú að það hafi skaðleg áhrif á framgang í starfi að vera stimplaður sem „gagnrýninn af yfirstjórn“?
3 Finnst þér yfirstjórnin vera móttækileg fyrir gagnrýni?
4 Þekkir þú til – eða hefur heyrt um – tilfelli þar sem starfsframi viðkomandi hefur liðið fyrir að setja fram gagnrýni?
5 Veltir þú fyrir þér hvort gagnrýni sem beinist að yfirstjórn geti skaðað þig og þinn starfsframa?
6 Á skalanum 1-10, þar sem 10 er best: Hvaða einkunn viltu gefa tjáningarfrelsinu hjá lögreglunni?

# lögreglu

| VPI | | | PK | | | VPK | | | PA | | | PB/PG2 | | | ØVRIGE | | | I ALT | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| J | N | ? | J | N | ? | J | N | ? | J | N | ? | J | N | ? | J | N | ? | J | N | ? |
| 3 | | | 3 | 1 | | 5 | 3 | | 17 | 19 | 2 | 2 | 2 | 1 | 1 | | | 31 | 25 | 3 |
| 1 | 2 | | 1 | 3 | | 3 | 4 | 2 | 35 | 2 | 2 | 5 | | | 1 | | | 46 | 11 | 4 |
| 2 | | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 9 | 20 | 9 | 3 | 1 | 1 | 1 | | | 19 | 24 | 15 |
| 1 | 2 | | 2 | 2 | | 3 | 5 | | 25 | 10 | 4 | 4 | 1 | | | 1 | | 35 | 21 | 4 |
| 2 | 1 | | | 4 | | 6 | 2 | | 30 | 9 | | 4 | 1 | | 1 | | | 43 | 17 | 0 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| | | | | | | 1 | | | 1 | | | | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | | | 6 | | | | | | | | | 6 | | |
| | | | | | | | | | 5 | | | | | | | | | 5 | | |
| 1 | | | | | | 1 | | | 4 | | | 1 | | | | | | 7 | | |
| | | | | | | 2 | | | 8 | | | 3 | | | | | | 13 | | |
| | | | | | | 1 | | | 4 | | | | | | | | | 5 | | |
| | | | 1 | | | 1 | | | 7 | | | 1 | | | | | | 10 | | |
*„Markmiðið með þessum breytingum er að renna styrkari stoðum undir starf löggæslunnar og bæta þjónustu hennar við samfélagið. Stærsti þátturinn í þessum breytingum er að koma á fót nýrri löggæslustofnun á höfuðborgarsvæðinu og leggja samtímis niður þrjú embætti löggæslu í Hafnarfirði og Kópavogi og lögreglustjórans í Reykjavík. Til að kostnaður í tengslum við biðlaunarétt verði í lágmarki er kveðið á um það í frumvarpinu að starfsmenn lögregluembættanna þriggja njóti forgangs til starfa hjá nýja embættinu. Mögulegum viðbótarkostnaði af þessu tilefni er ætlunin að mæta innan núverandi fjárveitinga til embættanna þriggja. Einnig er gert ráð fyrir því í upphafi að starfsemi lögregluliðanna þriggja verði áfram í núverandi húsnæði.* ***Útgangspunkturinn í þessum breytingum er að forgangsraða betur þeim fjármunum sem varið er til löggæslumála samkvæmt núverandi útgjaldaramma ráðuneytisins í fjárlögum. Verði frumvarpið að lögum er því ekki gert ráð fyrir auknum framlögum til þessara verkefna heldur kalla breytingarnar á tilflutning fjárveitinga á milli embætta í samræmi við nánari útfærslu á þessum áformum.*** *Kostnaður sýslumannsembætta af löggæslu er sérgreindur í fjárveitingum og reikningshaldi og á því að liggja ljóst fyrir hvaða fjárheimildir þarf að flytja á milli með verkefnunum.* ***Þá á eftir að fara fram frekari kostnaðargreining og áætlanagerð varðandi ýmsar skipulagsbreytingar og rekstrarhagræðingu sem breytt skipan löggæslumála kann að gefa kost á. Talið er að unnt verði að nýta betur fjárveitingar til málaflokksins á ýmsa vegu en ætlunin er að öllum ávinningi af slíkri hagræðingu verði varið til að efla og bæta starfsemi löggæslunnar."***[5]

Strax í kjölfar þeirra breytinga, sem hrint var í framkvæmd í ársbyrjun 2007, fór að bera á ýmisskonar gagnrýni á þá leið sem farin var við nýskipan lögreglumála. **Þessi gagnrýni hefur frekar aukist eftir því sem á hefur liðið frá breytingunum.**

Þannig bar t.d. á gagnrýni ýmissa sveitarstjórnarmanna, alþingismanna landsbyggðarinnar og lögreglumanna, í hverri fram kom að breytingarnar skertu þjónustu lögreglu við hinar dreifðari byggðir landsins.

Það er athyglisvert að skoða þau markmið sem lögð hafa verið til grundvallar þeim skipulagsbreytingum sem ráðgert er að fara í á lögreglu á því ári sem er að líða eða því næsta en þar segir m.a. að til standi að:

- að tryggja þá grunnþjónustu sem lögreglu ber að veita;
- að nýta sérhæfingu innan lögreglunnar þannig að hún gagnist sem best um allt land;
- að stjórnunarkostnaður verði lækkaður eins mikið og unnt er til að mæta sparnaðarkröfum næstu ára.[6]

Þessi markmið, auk fyrri markmiða, leiða óhjákvæmilega til þess að hver og einn skoði þann veg sem farinn hefur verið og hvort sú vegferð hafi í raun verið til góðs og í samræmi við sett markmið.

1. Sjá greinargerð starfshóps dómsmálaráðherra um „Sameiningu lögregluembætta“, október 2009, bls. 8.
2. Sjá ritið „Sameining ríkisstofnana og tengdar breytingar“, desember 2008, bls. 5.
3. Lögreglulög nr. 90/1996
4. Sjá frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006, bls. 5.
5. Sjá frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006, bls. 13.
6. Sjá greinargerð starfshóps dómsmálaráðherra um „Sameiningu lögregluembætta“, október 2009, bls. 7.

Lögreglustjórinn á Höfuðborgarsvæðinu

Lásaþjónustan

Lindin
Útvarp



*Þingfulltrúar, stjórnarmenn og þingforseti að þingi loknu.*

# *Þing ÍSL 2010*



*Þingforseti Pétur St. Jóhannesson við ræðupúltið og þingritari Ásmundur Kr. Ásmundsson situr honum á vinstri hönd.*



*Formaður ÍSL Óskar Bjartmarz flytur skýrslu stjórnar, með þingforseta sér á hægri hönd og þingritara á vinstri hönd.*



*Gjaldkerinn Óskar Sigurpálsson fer yfir reikninga sambandsins.*

**Þing Íþróttasambands lögreglumanna, ÍSL, var haldið í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum á Akranesi laugardaginn 29. maí sl. Rétt til þingsetu höfðu 29 þingfulltrúar frá 12 félögum/nefndum innan sambandsins auk stjórnar- og skoðunarmanna. Þingið sóttu 17 fulltrúar frá 6 félögum/nefndum og stjórn.**

Þingforseti var Pétur St. Jóhannesson, Akranesi, sem er fyrrverandi stjórnarmaður í sambandinu og komin á eftirlaun. Þingritari var Ásmundur Kr. Ásmundsson frá RLS. Þingstörf voru hefðbundin, skýrsla stjórnar, lagðir fram reikningar, kjör stjórnar og önnur mál. Reikningar sambandsins sýna góða stöðu með peningaeign uppá rúmar 13 milljónir. Reikna má með að ekki veiti af því þar sem næsta ár verður dýrt, þing Norræna sambandins verður haldið á Íslandi og einnig Norðurlandamót í knattspyrnu. Ein breyting varð á stjórninni en Sigurður Benjamínsson gaf ekki kost á sér þar sem hann er að fara á eftirlaun og í hans stað var kosinn Jóhann Karl Þórisson frá LRH. Óskar Bjartmarz var endurkjörinn formaður en aðrir í stjórn eru: Guðmundur St. Sigmundsson, Óskar Sigurpálsson, Gissur Guðmundsson, Arinbjörn Snorrason, Jón S. Ólason, Friðrik K. Jónsson, Hafdís Albertsdóttir, Kristján Fr. Geirsson og Hálfdán Daðason.

Undir liðnum önnur mál var sérstaklega rætt um Norðurlandamót í knattspyrnu á Íslandi 2011. Stjórnin hafði ákveðið að mótið færi fram í október og keppt yrði í knattspyrnuhúsinu Kórnum í Kópavogi. Var þetta ákveðið fyrst og fremst til að spara á ýmsum sviðum. Á þinginu spurðist einn þingfulltrúa fyrir um hvort það hefði verið skoðað að halda mótið úti á landi. Hann fékk þau svör að svo hefði ekki verið. Í framhaldinu urðu nokkrar umræður um málið en engin tillaga lögð fram. Fór viðkomandi þingfulltrúi með þá vitneskju af þinginu að það væri ekkert sem mælti gegn því að halda slíkt mót úti á landi þó svo að knattspyrnumótið að þessu sinni yrði haldið á Höfuðborgarsvæðinu. Strax í vikunni eftir þingið fór síðan í gang af hálfu heimamanna á Sauðárkróki skoðun á því hvort þeir myndu halda knattspyrnumótið.

Veg og vanda af umstangi vegna þingsins, af hálfu heimamanna. hafði Jón S. Ólason og voru honum færðar þakkir í þinglok sem og þingforseta og þingritara.

Að loknu þingi voru afhent heiðurmerki ÍSL og er þess getið á öðrum stað.

*Óskar Bjartmarz*
*formaður ÍSL*



*Annar hluti þingfulltrúa.*



*Hluti þingfulltrúa.*















*Frá vinstri: Óskar Bjartmarz formaður ÍSL og Sigurður Benjamínsson gullmerkishafi.*

# *Heiðursmerki ÍSL 2010*

### *Gullmerki:*

**Sigurður Benjamínsson**
Sinnti trúnaðarstörfum í íþróttastarfsemi hjá RLR sem var til frá árinu 1977 til 1997. Mikið sinnt störfum í kringum golf innan lögreglunnar. Stjórnarmaður ÍSL frá árinu 1992. Keppti á tveimur Norðurlandamótum í handknattleik 1978 í Malmö og 1986 í Sarpsborg (tekinn úr umferð). Liðs- og/eða fararstjóri í golfi, körfuknattleik, handknattleik og skotfimi.

### *Silfurmerki:*

**Arinbjörn Snorrason**
Stjórnarmaður ÍSL frá árinu 1998, ritari Norræna lögregluíþróttasambandsins 1999 – 2001 og aftur nú frá árinu 2009 – 2011. Hefur verið liðs- og eða fararstjóri í skotfimi og í eina skiptið sem við höfum tekið þátt í Norðurlandamóti á skíðum í Geilo í Noregi 2003.

**Friðrik K. Jónsson**
Sinnt trúnaðarstörfum í íþróttastarfsemi innan lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, stjórnarmaður ÍSL frá árinu 2004, hefur verið í landsliði okkar í golfi bæði á Norðurlandamótum og landskeppnum við Frakka og var fararstjóri í tveimur ferðum.

**Eiríkur Óskar Jónsson**
Skotmaður hefur keppt fyrir okkar hönd á Norðurlanda- og Evrópumeistaramótum í skotfimi sem og á einu Norrænu boðsmóti árið 1999. Eiríkur er öflugur skotmaður og ávallt staðið sig vel á mótum.

**Kristján Fr. Geirsson**
Sinnt trúnaðarstörfum í íþróttastarfi innan lögreglunnar í Keflavík, setið í stjórn ÍSL frá árinu 2004 hefur leikið 19 leiki á vegum ÍSL bæði í Norðurlandamótum, undankeppni Evrópumeistaramóts og bókamóti. Hann hefur keppt og keppir enn á Norðurlandamótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótinu. Hann hefur verið fararstjóri á Norðurlandamótum í knattspyrnu og handknattleik. Ávallt öflugur innan vallar sem utan.

**Sigurbjörn Þorgeirsson**
Golfari, tekið þátt í Norðurlandamótum og landskeppni við Frakka í golfi. Norðurlandameistari í golfi árið 2009. Einnig tekið þátt í skólamóti Norrænu sakamálabókarinnar 2002.

### *Bronsmerki:*

**Arnar Marteinsson**
Hefur keppt í júdó á Norðurlanda- og Evrópumótum.

VAKA
VESTURBÚÐ
Eyrarbakka • 4831385
Borg í Grímsnesi • 4864408
vörður
ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Póllinn hf
Pollgata 2
Stál og Hnífur ehf.
Norðurvegi 3
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Hafnarstræti 1

## Bolungarvík

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
Fiskmarkaður Bolungarv.og
Suðureyrar ehf.
Hafnargötu 12
Héraðssjóður
Vestfjarðaprófastsdæmis
Völusteinsstræti 16
Sérleyfisferðir
Völusteinsstræti 22

## Flateyri

RKÍ Önundarfjarðardeild
Ólafstúni 7

## Patreksfjörður

Gistiheimilið Bjarkarholt
Barðaströnd
Nanna ehf.
v/Höfnina
Oddi hf.
Eyrargötu 1
Smur og dekkjaþjónusta
Aðalstræti 3
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Aðalstræti 92
Veitingastofan Þorpið
Aðalstræti 73
Vesturbyggð
Aðalstræti 63

## Tálknafjörður

Bókhaldsstofan Tálknafirði
Strandgötu 40
Gistiheimilið Bjarmalandi
ehf.
Bugatúni 8
Þórsberg ehf.
Strandgötu 25

## Þingeyri

Brautin sf.
Vallargötu 8

## Brú

S.G. Verkstæði ehf
Borðeyri

## Árneshreppur

Hótel Djúpavík ehf.
Árneshreppi

## Hvammstangi

BBH útgerð ehf
Hvammstangabraut 43
Ferðaþjónustan Dæli,
Víðidal
Dæli
Ferðir ehf.
Brekkulæk í Miðfirði
Slökkvistöðin Hvammstanga
Hvammstangabraut 5
Veiðifélag Arnarvatnsheiðar
og Tvídægru
Staðabakka 1

## Blönduós

Stéttarfélagið Samstaða
Þverbraut 1

## Skagaströnd

Marska ehf.
Höfða
Rafmagnsverkstæðið
Neistinn ehf.
Strandgötu 32

## Sauðárkrókur

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags
Skagfirðinga
Hesteyri 2
Héraðsdómur
Norðurlands vestra
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
Króksverk ehf.
Borgarröst 4
K-Tak hf
Borgartúni 1
Skinnastöðin ehf.
Syðri-Ingveldarstaðir
Steinull hf.
Skarðseyri 5
Stoð ehf. - verkfræðistofa
Aðalgötu 21
Sýslumaðurinn á
Sauðárkróki
Suðurgötu 1
Verslun Haraldar Júlíussonar
Aðalgötu 22
Verslunarmannafélag
Skagafjarðar
Borgarmýri 1
Ökuskóli
Norðurlands vestra sf.
Dalatúni 4

## Varmahlíð

Akrahreppur - Skagafirði
Miklabæ
Ferðaþjónusta bænda
Lauftún
Langamýri fræðslusetur
Löngumýrarskóla
Stefánssynir ehf.
Minni-Ökrum

## Hofsós

Grafarós ehf.
Austurgötu 22

## Siglufjörður

Allinn ehf. - Sportbar
Aðalgötu 30
Málaraverkstæðið ehf.
Ránargötu 14

## Akureyri

Ásbyrgi - Flóra ehf.
Frostagötu 2a
B. Jensen
Lón
Bakaríið við Brúnna
Gleráreyrum 2
Blikkrás ehf.
Óseyri 16
Byr hf.
Skipagötu 9
Bæjarverk hf.
Rauðamýri 11
Centro
Hafnarstræti 97
Ekill ehf - www.ekill.is
Goðanes 8 -10
Festa ehf.
Geislagötu 12
Form ráðgjöf ehf.
Eyrarvegi 1
G.V. gröfur ehf.
Frostagötu 4a
Girðingarvinna ehf.
Litluhlíð
Hnýfill ehf.
Brekkugötu 36, Íb. 501
Höldur ehf.- Bílaleiga
Akureyrar
Tryggvabraut 12
India Karry kofi ehf.
Þórunnarstræti 112
Íþróttamiðstöð Glerárskóla
Kjarnafæði hf.
Fjölnisgötu 1b
Kælismiðjan Frost ehf
Fjölnisgötu 4b
Ljósco ehf.
Ásabyggð 7
Ljósgjafinn ehf.
Glerárgötu 34
Lostæti ehf.
Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Hreins
Pálssonar hrl. ehf.
Hofsbót 4
Meðferðarheimilið
Laugalandi
Arnarsíðu 7
Miðstöð ehf.
Draupnisgötu 3g
Netkerfi og tölvur ehf.
Steinahlíð 7c
Peka ehf.
Borgarhlíð 2e
Rafmenn ehf.
Fjölnisgötu 36
Rafós sf.
Skipagötu 14
Raftákn ehf.
Glerárgötu 34
Samvirkni ehf.
Hafnarstræti 97
Sjómannablaðið
Víkingur
Byggðarvegur 101b
Slökkvilið Akureyrar
Árstíg 2
Straumrás ehf.
Furuvöllum 3
Strikið Veitingastaður
Skipagötu 14
Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu Svalbarðseyri
Sveitahótelið ehf.
Sveinbjarnagerði 2
Trétak hf.
Klettaborg 13
Útfararþjónusta kirkjugarða
Akureyrar ehf.
Höfða v/ Þórunnarstræti
Verkstjórafélag Akureyrar og
nágrennis
Skipagötu 14
Vélfag ehf.
Ásabyggð 16

## Dalvík

Gistihúsið Skeið
www.thule-tours..is
Skeið
Hýbýlamálun
Reynihólar 4
Klaufi ehf.
Klaufabrekkum
Steypustöðin Dalvík ehf.
Sandskeið 27
Vaxið - Brauðgerð ehf.
Hafnarbraut 5

## Ólafsfjörður

Brimneshótel ehf.
Bylgjubyggð 2
Sigurjón Magnússon ehf
Námuvegi 2
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
Brekkugötu 9

## Hrísey

Hvatastaðir ehf.
Eingrunarstöð Gæludýra
Hrísey
Austurvegi 8

## Húsavík

Fjallasýn - Rúnars
Óskarssonar ehf.
Hrísateigi 5
Heiðarbær veitingar sf.
Reykjahverfi
Heimabakarí - Eðalbrauð
Garðarsbraut 15
Skóbúð Húsavíkur
Garðarsbraut 13
Uggi ehf.
Höfðabrekku 23 box 72
Vélaverkstæðið Árteigi
Árteigi - Þingeyjasveit
Víkurraf ehf.
Héðinsbraut 4

## Reykjahlíð

Dimmuborgir guesthouse
Geiteyjarströnd 1
Eldá ehf.
Helluhrauni 15

## Kópasker

Rifós hf.
Kelduhverfi

## Þórshöfn

B.J. Vinnuvélar ehf.
Hálsvegi 4
Geir ehf.
Sunnuvegi 3
Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
Trésmiðjan Brú
Brúarlandi 2

## Vopnafjörður

Ljósaland ehf verktakar
Háholti 3

## Egilsstaðir

Á hreindýraslóðum
Skjöldólfsstöðum
Bílaverkstæði
Austurlands ehf.
Miðási 2
Bókráð, bókhald
og ráðgjöf ehf.
Miðvangi 2-4
Fjalladýrð Möðrudal
- www.fjalladyrd.is
Möðrudal
Fljótsdalshérað
Lyngási 12
G. Ármannsson ehf.
Ártröð 12
Gistihúsið Egilsstöðum/
Hótelið við Fljótið
Egilsstöðum 1
Ormsson Vík
Miðvangi 13
Rafey ehf.
Miðási 11
Rafholt Austurland ehf.
Þverklettum 3
Shell skálinn, Egilsstöðum
Fagradalsbraut 13
Skógrækt ríkisins
Miðvangi 2-4
Steindór Jónsson ehf.
Skógarseli 5
Trésmiðja Guðna
Þórarinssonar
Mássel
Þekkingarnet Austurlands
ses.
Tjarnarbraut 39e
Ökuskóli Austurlands
Lagarfelli 11

## Seyðisfjörður

Félag opinberra starfsmanna
á Austurlandi
Garðarsvegi 6
RKÍ Seyðisfjarðardeild
Garðarsvegur 26
Seyðisfjarðarkaupstaður
Hafnargötu 44
Stjörnublástur ehf
Fjarðargötu 1



***Þeir sem fengu afhent Heiðursmerki sín á þinginu. Frá vinstri: Oddur Ólafsson, Jóhann Karl Þórisson, Ásmundur Kr. Ásmundsson, Arnar Marteinsson, Sigurður Benjamínsson, Friðrik K. Jónsson, Róbert Þór Guðmundsson, Júlíus Freyr Valgeirsson, og Hjálmar Kristjánsson.***

**Ásmundur Kr. Ásmundsson**
Keppti á Evrópumótum í körfuknattleik og hefur verið ritari á þingum ÍSL, sinnt trúnaðarstörfum bæði í íþróttastarfi innan lögreglunnar í Reykjavík og RLS.

**Ásmundur Jónsson**
Keppti á lögregluskólamóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2005 og keppt á Norðurlandamótum í handknattleik og knattspyrnu.

**Einar Júlíusson**
Keppti á tveimur Norðurlandamótum í knattspyrnu árin 2003 og 2007 sem og innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar 2002.

**Hjálmar Kristjánsson**
Hefur sinnt trúnaðarstörfum í íþróttastarfsemi innan lögreglunnar í Hafnarfirði og síðar hjá LRH. Keppt á mörgum landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum.

**Jóhann Karl Þórisson**
Hefur sinnt trúnaðarstörfum innan Golfklúbbs lögreglunnar í Reykjavík og síðar LRH og lengi verið formaður.

**Júlíus Freyr Valgeirsson**
Keppti á Norðurlandamótum í knattspyrnu 2007 og handknattleik 2009 og þar af leiðandi Norðurlandameistari í handknattleik lögreglumanna. Þá keppti hann á innanhússknattspyrnumóti Norrænu sakamálabókarinnar árið 2007.

**Karl Arnarson**
Keppti á Norðurlandamótum í handknattleik 2002, 2006 og 2009 og þar af leiðandi einnig Norðurlandameistari í handknattleik lögreglumanna.

**Oddur Ólafsson**
Sinnti trúnaðarstöfum í íþróttastarfsemi innan lögreglunnar í Kópavogi. Keppt á mörgum landsmótum í innanhússknattspyrnu og öldungamótum. Tekið þátt í undirbúningi fyrir allnokkur Norðurlandamót í handknattleik.

**Róbert Þór Guðmundsson**
Keppti á tveimur mótum Norrænu sakamálabókarinnar í innanhússknattspyrnu árið 2007 og lögregluskólamóti í þríþraut árið 2007. Keppti á Norðurlandamótinu í handknattleik árið 2009 og þarf af leiðandi einnig Norðurlandameistari í handknattleik lögreglumanna.

**Sigurður J. Stefánsson**
Keppti á Norðurlandamótum í knattspyrnu 1999 og 2003 en einnig á Norðurlandamóti í handknattleik árið 2006.

**Sólberg Bjarnason**
Keppti á Evrópumótum í körfuknattleik árið 1993, úrslitakeppni og undanriðli árið 1997. Þá hefur hann einnig keppt á Norðurlandamóti í handknattleik árið 2002.

**Theódór Kristjánsson**
Keppti á Norðurlandamótum í knattspyrnu og handknattleik. Knattspyrnu 1995 og handknattleik árin 1994 og 1998.

Margir ofangreindra voru á þingi ÍSL eða mættu sérstaklega til að taka á móti viðurkenningum sínum. Þeir sem ekki gátu mætt hafa fengið sínar viðurkenningar afhentar við ýmis tækifæri.

*Óskar Bjartmarz formaður ÍSL*

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

BEZT Á LAMBIÐ

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
- heilshugar um þinn hag -
Sími 513 4300




*Verðlaunahafar í A flokki án forgjafar. Frá vinstri: Friðrik K. Jónsson og Óskar Halldórsson. Á myndina vantar Sigurbjörn Þorgeirsson.*

# Landsmót lögreglumanna í golfi 2010

## - Leiran skartaði sínu fegursta

**Það er engum ofsögum sagt að landsmót ÍSL í golfi árið 2010 hafi farið fram í blíðskaparveðri. Mótið fór fram í Leirunni miðvikudaginn 28. júlí sl. Alls mættu 30 keppendur til leiks auk þess sem tveir gestir spiluðu á mótinu. Suðurnesin og þá sérstaklega Leiran, eru auðvitað rómuð fyrir náttúrufegurð, gestrisni íbúa, sólskin og ekki hvað síst hið víðfræga logn sem ávallt ríkir á þessum slóðum. Að sjálfsögðu skartaði Leiran sínu fegursta á keppnisdegi og sýndi allar sínar bestu hliðar. Allt það sem á undan var talið var í heiðri haft og sól, heiðríkja og hægur andvari var það veður sem boðið var upp á.**

Skipting keppenda í flokka var nokkuð jöfn en eins og oftast áður þá voru flestir keppendur í A-flokki eða 11 talsins. Sjö keppendur voru í bæði B- og C-flokki og fimm keppendur mættu í öldungaflokk. Ekki mætti neinn keppandi í Heldrimannaflokk sem er flokkur keppenda yfir 65 ára aldri. Ljóst er að töluvert meira þarf til að tilkynna þeim hópi um landsmótið og þó menn hafi lagt sig fram við að koma upplýsingum um landsmótið til þeirra sem eru 65 ára og eldri, má eflaust gera betur í þeim efnum. Það breytti þó ekki því að góður fjöldi mætti á mótið og fór það vel fram.

### *Óskar Halldórsson varð Íslandsmeistari 2010*

Sigurvegari í A-flokki þetta árið og jafnframt Íslandsmeistari lögreglunnar 2010 varð Óskar Halldórsson frá lögreglunni á Suðurnesjum og var hann á 73 höggum, einu höggi betur en Sigurbjörn Þorgeirsson sem lék á 74 höggum. Friðrik K. Jónsson varð svo í þriðja sæti í A-flokki á 76 höggum. Heimamennirnir Óskar og Friðrik voru því í tveimur af þremur efstu sætunum.

Sigurvegari með forgjöf í A-flokki varð Sveinn Ægir Árnason á 68 höggum nettó, Jóhann Karl Þórisson varð annar á 73 höggum nettó og Róbert Þór Guðmundsson varð í þriðja sæti á 74 nettó.

Sigurvegari í B-flokki varð Guðbrandur Hansson á 93 höggum, Skúli Jónsson varð annar, einnig á 93 höggum og Ásbjörn Stefánsson varð þriðji á 98 höggum.

Sigurvegari með forgjöf varð Ólafur Hjörtur Ólafsson á 75 höggum nettó, Valur Magnússon varð annar á 79 höggum og Guðfinna Sigurþórsdóttir varð í þriðja sæti á 80 höggum nettó.

Sigurvegari í C-flokki varð Júlíus Freyr Valgeirsson á 108 höggum, Ragnar Kristjánsson varð annar á 110 höggum og Sigurður U. Sigurðsson varð í þriðja sæti á 115 höggum.

Sigurvegari með forgjöf varð Stefán Sveinsson á 93 höggum, Sigurjón Þórðarson varð annar á 102 höggum og Ágúst Rafn Einarsson varð þriðji á 129 höggum.

Öldungameistari árið 2010 varð Suðurnesja-maðurinn Óskar Þórmundsson en hann lék á



*Eins og sjá má á Oddi var blíða í Leirunni.*

90 höggum og var 4 höggum betri en annar Suðurnesjamaður Guðmundur Baldursson sem var á 94 höggum. Það var svo Óskar Þór Sigurðsson sem varð í þriðja sæti á 96 höggum.

Sigurvegari með forgjöf varð Oddur Ólafsson á 73 höggum nettó og Rúnar Sigurðsson varð annar á 95 höggum. Einungis voru 5 keppendur í þessum flokki og því voru ekki afhent þriðju verðlaun með forgjöf.

Eins og alltaf er keppt í sveitakeppni þar sem þrír bestu keppendur í hverju liði telja. Alls voru fimm sveitir á mótinu í ár og úrslit urðu þau að A-sveit Lögreglufélags Suðurnesja sigraði á 232 höggum en sveitina skipuðu þeir Óskar Halldórsson, Friðrik K. Jónsson og Annel J. Þorkelsson. A-sveit LRH varð í öðru sæti á 248 höggum og það voru þeir Hörður Sigurðsson, Róbert Þór Guðmundsson og Sveinn Ægir Árnason sem skipuðu sveitina. Það var svo sveit frá Akureyri (Eyjafjarðarsvæðinu) sem varð í þriðja sæti á 275 höggum og þá sveit skipuðu þeir Sigurbjörn Þorgeirsson, Ólafur Hjörtur Ólafsson og Valur Magnússon.

### *Verðlaun með glæsilegra móti*

Þess má geta að Toyotaumboðið á Íslandi styrkti okkur hjá Lögreglufélagi Suðurnesja á afar glæsilegan hátt í tengslum við þetta mót en Toyota styrkti okkur um 50 þúsund í peningum sem voru svo notaðir til að kaupa gjafabréf í Golfbúðinni í Hafnarfirði. Sigurvegarar í öllum flokkum bæði með og án forgjafar fengu 5.000 króna gjafabréf hver og auk þess voru tvö slík gjafabréf dregin út í mótslok. Auk þess var dregið úr skorkortum þar sem í verðlaun voru fjögur gjafabréf frá Domino´s pizzum auk tveggja glæsilegra gjafakarfa frá Íslensk-Ameríska. Ekki má heldur gleyma gjafabréfi frá Landssambandi lögreglumanna þar sem vinningshafi fékk eina helgi í gistingu í hvaða orlofshúsi sem hann kýs. Auk þess voru teiggjafir í boði fyrir alla keppendur frá Bílasprautun Suðurnesja sem gaf hverjum og einum íslenskar vatnsflöskur og Flugfélagi Íslands sem gaf derhúfur.

Aukaverðlaun voru á öllum par 3 holum vallarins og í verðlaun voru kúludúsin sem Golfbúðin í Hafnarfirði gaf okkur. Oddur Ólafsson var næstur holu á 8. holu, 8,62 metra, Friðrik K. Jónsson var næstur á 13. holu, 4,5 metra og á 16. holu var Guðmundur Baldursson næstur eða 1,37 metra. Eitthvað var Bergvíkin mönnum erfið í mótinu eða allavega skrifaði sig enginn á miða þar og því var kúludúsinið dregið út í mótslok.

Samhliða landsmótinu var haldið IPA-golfmót og er það í fyrsta skiptið, að ég held, síðan 2005 að það mót er haldið. Allir keppendur í landsmótinu voru sjálfkrafa skráðir í IPA-mótið en það mót var punktamót. Sigurvegari í IPA mótinu varð Sveinn Ægir Árnason með 39 punkta, Óskar Halldórsson varð annar með 38 punkta og Ólafur Hjörtur Ólafsson varð þriðji með 36 punkta.

### *Kominn tími á breytingar*

Golfklúbbur lögreglunnar í Reykjavík (GLR) mun halda mótið á næsta ári en svo finnst mér sjálfum kominn tími til að fara með mótið norður á land til þeirra á Akureyri. Það eru ekki nema fimm ár síðan mótið var haldið í Vestmannaeyjum og tókst það frábærlega, því er það vel þess virði að prufa að fara með mótið á frábæran völl þeirra Akureyringa. Ef svo færi að fáir mæta þá er það bara þannig, við getum alla vega sagt að við höfum prufað það. Ég legg það til að Norðlendingarnir fari að undirbúa þetta! Svo er það einnig ljóst í mínum huga að tími er kominn til að breyta flokkunum á landsmótinu. A-flokkurinn er með alltof breiðan forgjafarflokk en sá flokkur ætti ekki að ná hærra en í mesta lagi 8-9 í forgjöf. Einnig þarf að bæta við D-flokki og hafa jafnvel keppni í C- og D-flokki með punktakeppnisfyrirkomulagi. Þetta er í skoðun og vonandi náum við að breyta þessu fyrir næsta landsmót, það er fyllilega tímabært í mínum huga.

Landsmótið 2010 tókst í alla staði vel og vil ég þakka þeim sem styrktu okkur, sérstaklega Toyota umboðinu fyrir glæsilegan styrk, öllum sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti og öllum keppendum fyrir að hafa gert þetta að jafn skemmtilegu móti og raun varð. Án ykkar er þetta auðvitað lítils virði. Sérstaklega vil ég þakka þeim keppendum frá Norðurlandi sem lögðu það á sig að koma suður í veðurparadísina í Leirunni til að taka þátt!

***Með golfkveðju***
***Friðrik K. Jónsson***




*Verðlaunahafar í B flokki án forgjafar. Frá vinstri: Guðbrandur Hansson, Skúli Jónsson og Ásbjörn Stefánsson.*



*Verðlaunahafar í C flokki án forgjafar. Frá vinstri: Júlíus Freyr Valgeirsson, Ragnar Kristjánsson og Sigurður U. Sigurðsson.*




*Verðlaunahafar á IPA mótinu. Frá vinstri: Sveinn Ægir Árnason, Óskar Halldórsson og Ólafur Hjörtur Ólafsson.*

# *Heildarúrslit á landsmóti ÍSL í golfi 2010*

***A flokkur:***

| | | |
|---|---|---|
| Óskar Halldórsson | Suðurnes | 38 – 35 = 73 |
| Sigurbjörn Þorgeirsson | Akureyri (Dalvík) | 37 – 37 = 74 |
| Friðrik K. Jónsson | Suðurnes | 39 – 37 = 76 |
| Sveinn Ægir Árnason | RLS | 42 – 39 = 81 |
| Róbert Þór Guðmundsson | LRH | 40 – 41 = 81 |
| Annel Þorkelsson | Suðurnes | 43 – 40 = 83 |
| Hörður Sigurðsson | LRH | 44 – 42 = 86 |
| Jóhann Karl Þórisson | LRH | 43 – 44 = 87 |
| Jóhannes S. Harðarson | Suðurnes | 43 – 46 = 89 |
| Gunnar Ó. Schram | Suðurnes | 48 – 42 = 90 |
| Vignir Elísson | Suðurnes | 51 – 46 = 97 |

***B flokkur:***

| | | |
|---|---|---|
| Guðbrandur Hansson | LRH | 47 – 46 = 93 |
| Skúli Jónsson | Suðurnes | 45 – 48 = 93 |
| | | |
| Ásbjörn Stefánsson | LRH | 52 – 46 = 98 |
| Guðfinna Sigþórsdóttir | Suðurnes | 51 – 47 = 98 |
| Ólafur Hjörtur Ólafsson | Akureyri | 57 – 44 = 101 |
| Hörður Jóhannesson | LRH | 54 – 48 = 102 |

***C flokkur:***

| | | |
|---|---|---|
| Júlíus Freyr Valgeirsson | LRH | 57 – 51 = 108 |
| Ragnar Kristjánsson | Akureyri | 58 – 52 = 110 |
| Sigurður U. Sigurðsson | Akureyri | 59 – 56 = 115 |



| | | |
|---|---|---|
| Stefán Sveinsson | LRH | 70 – 59 = 129 |
| Sigurjón Þórðarson | LRH | 74 – 64 = 138 |
| Ágúst Rafn Einarsson | Suðurnes | 85 – 80 = 165 |
| Ragnar Már Guðmundsson | Suðurnes | Taldi ekki |

***Öldungaflokkur:***

| | | |
|---|---|---|
| Óskar Þórmundsson | Suðurnes | 47 – 43 = 90 |
| Guðmundur Baldursson | Suðurnes | 45 – 49 = 94 |
| Óskar Þór Sigurðsson | LRH | 51 – 45 = 96 |
| Oddur Ólafsson | LRH | 52 – 47 = 99 |
| Rúnar Sigurðsson | LRH | 52 – 59 = 111 |

# *Mótalisti: 2010 - 2011*



| Landsmót: | Umsjón/mótsstaður | dags. |
|---|---|---|
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | nóvember |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | RLS | nóvember |
| Innnhússknattspyrnumót | Akranes | mars/apríl |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL | maí |
| Golf | LRH | júlí/ágúst |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | | |
| **Norðurlandamót:** | | |
| Skíði | Svíþjóð | |
| Blak | Århus/Danmörk | 9. – 12. maí |
| Knattspyrna | Sauðárkrókur/Ísland | 12. – 18. júní |
| Sund | Finnland | |
| **Evrópumót:** | | |
| Judo | París | 13. – 16. maí |
| Tennis | Ungverjaland | Maí |
| Körfuknattleikur kvenna | Dublin/Írland | Október |
| Skotfimi | Aþena/Grikkland | Október |
| Borðtennis | Ítalía | Október |

# *Stuttfréttir:*

## Norðurlandamót í knattspyrnu fer fram á Sauðárkróki 2011

Stjórn ÍSL hafði ákveðið að Norðurlandamót í knattspyrnu, sem fram á að fara á Íslandi á árinu 2011, yrði haldið í október og að leikið yrði í knattspyrnuhúsinu Kórnum í Kópavogi. Í framhaldi af umræðu á þingi ÍSL í vor, sem getið er um annars staðar í blaðinu, var þessari ákvörðun breytt. Heimamenn á Sauðárkróki, með þá Stefán Vagn Stefánsson, Sigurð J. Stefánsson og Pétur Björnsson í fararbroddi, lýstu yfir áhuga sínum á að halda mótið á Sauðárkróki í júní 2011. Eftir skoðun og yfirferð á málinu var sú ákvörðun tekin á stjórnarfundi ÍSL 16. júní að mótið yrði haldið á Sauðárkróki enda greinilegt að heimamenn lögðu allan sinn metnað í að af því yrði. Mótið fer því fram dagana 12. – 18. júní 2011 í Skagafirði og keppt verður bæði í karla- og kvennaflokki.

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Bjólfsgötu 7

## Reyðarfjörður

Launafl ehf.
Hrauni 3
V.V. Vélar sf
Stekkjartún 3

## Eskifjörður

Egersund Ísland ehf.
Hafnargötu 2
Fjarðaþrif ehf.
Kirkjustíg 2
Kría veitingasala ehf.
Skammadal 2

## Neskaupstaður

Laufskálinn ehf.
Nesgötu 3

## Fáskrúðsfjörður

Vöggur ehf.
Grímseyri 11

## Stöðvarfjörður

Raflagnir Austurlands ehf.
Sævarenda 2

## Breiðdalsvík

Hótel Bláfell ehf.
Sólvöllum 14

## Djúpivogur

Hótel Framtíð ehf.
Vogalandi 4
RKÍ Djúpavogsdeild
Borgarlandi 30

## Höfn

Bókhaldsstofan ehf.
Krosseyjarvegi 17
Hársnyrtistofan Jaspis
Litlubrú 1
Hornabrauð ehf
Dalbraut 10
Króm og hvítt ehf.
Álaleiru 7
Mikael ehf.
Norðurbraut 7

Rósaberg ehf.
Háhóli
Skinney - Þinganes hf.
Krossey
Þrastarhóll ehf.
Kirkjubraut 10
Öryggi og gæsla ehf.
Hlíðartúni 5

## Fagurhólmsmýri

Félagsbúið Hnappavöllum
Hnappavöllum 4

## Selfoss

A.B. skálinn ehf.
Gagnheiði 11
Ábótinn ehf.
Eystra Geldingaholt
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Vallholti 17
Bókaútgáfan Björk
Birkivöllum 30
Búhnykkur ef.
Stóru-Sandvík 801
Byggingafélagið Laski ehf.
Bakkatjörn 7
Byggingarfélagið
Árborg ehf.
Bankavegi 5
Dýralæknaþjónusta Suð-
urlands ehf
Stuðlum
Esekiel ehf
Borgarbraut 16
Fræðslunet Suðurlands
Tryggvagötu 25
Garpar ehf.
Reykjakoti 2,
Gljúfurbústaður ehf
Gljúfri
Guðnabakarí ehf. Café
konditori
Austurvegi 31b
Héraðsdómur Suðurlands
Austurvegur 4
Hópferðabílar Guðmundar
Tyrfingssonar
Fossnesi v/ Suðurlandsveg
Karl R. Guðmundsson ehf.
Austurvegi 11
Ketilbjörn ehf
Syðri Reykir
Kökugerð H.P. hf.
Gagnheiði 15
Litli Jón ehf. (Hrói Höttur)
Austurvegi 22

Motivo ehf.
Austurvegi 9
Múrfag ehf.
Starmói 3
Nesey ehf.
Suðurbraut 7
Pípulagnir
Helga ehf.
Grafhólar 6
Rafmagnsverkstæði Jens og
Róberts
Laugarási 1
S.G. hús hf.
Austurvegi 69
SBD Fley Case ehf.
Stóragerði Ölfusi
Skálholtsstaður
Slitlag ehf.
Lækjarmót
Snúðar og snældur ehf.
Eyravegi 38
Stoðverk ehf.
Grásteinn Ölfusi
Stokkar og steinar-www.
simnet.is/stokkarogsteinar
Árbæ 1 - Ölfusi
Sýslumaðurinn á Selfossi
Hörðuvöllum 1
Toyota Selfossi - Bílasala
Suðurlands ehf.
Fossnesi 14
Veitingastofan T Bær
Selvogi
Egilsbraut 19
Verslunin Íris, Kjarnanum
Austurvegi 3-5

## Hveragerði

BP Skrúðgarðar ehf.
Kambahrauni 53
Eldhestar ehf. - Vellir Ölfusi
Völlum, Ölfusi
Hótel Örk - Örkin veitingar
Breiðumörk 1c
Hverabakarí
- Mæran
Heiðmörk 35
Múrás ehf.
Varmahlíð 15
Tannlæknastofa
Þórðar B. ehf
Breiðumörk 18

## Þorlákshöfn

Fiskmark ehf.
Hafnarskeiði 21

Frostfiskur ehf.
Hafnarskeiði 6
Ice trucks ehf.
Unubakka 10-12
Járnkarlinn ehf.
Hafnarskeið 28
Landsbanki Íslands
Hafnarbergi 1
Steinsteypusögun
Snæfelds ehf.
Egilsbraut 10
Sveitarfélagið Ölfus
Ráðhúsinu
Hafnarbergi 1
Þorlákshafnarkirkja
Setberg 10

## Stokkseyri

Durinn ehf. - www.durinn.is
Ólafsvöllum 3

## Laugarvatn

Ásvélar ehf.
Hrísholti 11

## Flúðir

Áhaldahúsið Steðji
Smiðjustíg 2
Flúðasveppir ehf.
Undirheimum
Gröfutækni ehf.
Iðjuslóð 1
Kaffi-Sel
Efra-Seli
Útlaginn Kaffihús
Flúðum
Vélaverkstæðið Klakkur
Smiðjustíg 6

## Hella

Pakkhúsið ehf. Bygginga-
vöruversl.
Suðurlandsvegi 4
Varahlutaverslun Björns
Jóhannssonar
Lyngási 5, Box 1

## Hvolsvöllur

Eining sf.
Gularási
Hellishólar ehf.
- Fljótshlíð
Hellishólum

## Vík

Víkurprjón
Austurvegi 20

## Kirkjubæjarklaustur

Hótel Laki
Landbroti
RKÍ Klausturdeild
Skerjavöllum 9
Skaftárhreppur
Klausturvegi 15

## Vestmannaeyjar

Bifreiðaverkstæði Muggs
Strandvegi 65 Box 415
Eyjablikk ehf.
Flötum 27
Eyjavík ehf.
Skólaveg 13
Heimaey ehf. þjónustuver
Pósthólf 248
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Strandvegi 28
Kaffi María ehf.
- Brandur ehf.
Skólavegi 1
Pétursey ehf.
Flötum 31
RKÍ Vestmanaeyjadeild
Hilmisgötu 11 Arnardrangu
Stígandi ehf.
Básaskersbryggju 3
Teiknistofa Páls Zóphónías-
sonar ehf.
Kirkjuvegi 23
Tollvarðafélag íslands
Hrauntúni 34
Trésmíðaverkstæðið Örn hf.
Strandvegi 69
Verslunin Framtíð ehf.
Bessahrauni 8
Vestmannaeyjahöfn bt
Sveinn Valgeirsson
Básaskersbryggju
Vélaverkstæðið Þór hf.
Norðursundi 9
Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2
Vöruval ehf.
Vesturvegi 18

MALBIKUN KM
MÍMIR símenntun
nostra -hrein og vistvæn
Smáralind






NÝTT

# Philips bílaperur

## X-treme Vision +100%

Allt að 80% af umferðaslysum verða í slæmri birtu og vondum veðrum.

Philips X-treme Power hefur verið valin besta bílaperan af fagtímaritum í þrjú ár.

Philips X-treme Vision peran er ný og sú bjartasta á markaðinum.

Philips X-treme Vision +100% bílaperurnar gefa tvöfalt meiri birtu á vegum en venjulegar perur. Þú sérð tvöfalt betur í myrkri og þreytist síður.

Philips X-treme Vision er framleidd samkvæmt evrópustöðlum.

Allir helstu bílaframleiðendur hafa valið Philips bílaperur síðan 1914.

Þú ert öruggari með nýju X-treme bílaperunum frá Philips.

PHILIPS

www.xv-morelight.com

PHILIPS
sense and simplicity